



Sjúkraliði óskast til starfa í Dagdvöl aldraðra

Upphaf starfs:	1. ágúst 2019 eða eftir samkomulagi. Um framtíðarstarf er að ræða.
Starfshlutfall:	73% starfshlutfall.
Starfsheiti:	Sjúkraliði A.
Lýsing á starfinu:	<p>Sjúkraliði sinnir almennum sjúkraliðastörfum og ber faglega ábyrgð á sínu starfi, s.s. sér um umbúðaskipti og húðmeðferð. Fylgist með heilsufari dagdvalargesta og aðstoðar þá við að leita sér viðeigandi úrræða, jafnframt fræðir og gefur ráðleggingar er varðar heilsu. Veitir félagslegan og líkamlegan stuðning eftir því sem við á.</p> <p>Sjúkraliði eflir, leiðbeinir og hvetur dagdvalargesti við athafnir daglegs lífs, s.s. persónulega umhirðu, aðstoðar við sund, böðun og við og á matmálistímum. Hvetur og eflir dagdvalargesti til þátttöku í starfsemi Dagdvalar, líkt og hópastarfi, samverustundum, upplestri, söng, leikfimi, sundi, gönguferðum o.s.frv. Unnið er eftir hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar og valdeflingar.</p>
Menntunarkröfur:	Sjúkraliðamenntun, íslenskt starfsleyfi og löggilding frá Landlæknisembættinu.
Hæfniskröfur:	Lögð er áhersla á fagleg viðhorf í félags- og heilbrigðisþjónustu við aldraðra og starfsreynslu úr öldrunarþjónustu. Umsækjendur þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum ásamt frumkvæði, sveigjanleika, jákvæðni og stundvísi. Umsækjendur þurfa að hafa almenna tölvuþekkingu og færni. Skilyrði er að umsækjendur tali og skilji vel íslensku.
Launakjör:	Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Sjúkraliðafélag Íslands.
Umsóknarfrestur:	Umsóknarfrestur er til og með 2. júní 2019.
Nánari upplýsingar:	<p>Stefanía Sif Traustadóttir, forstöðumaður, í síma 453-59095/692-5909 eða með tölvupósti stefaniast@skagafjordur.is.</p> <p>Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri, í síma 455-6000 eða með tölvupósti gretasjofn@skagafjordur.is.</p>
Umsóknir:	<p>Umsókn ásamt ferilskrá, prófskírteini og leyfisbréfi skal skila í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is (laus störf). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.</p> <p>Karlar, sem og konur, eru hvattir til að sækja um.</p>

Dagd völ aldraðra er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Markmið starfsins er að skapa fjölbreytta starfsemi sem stuðlar að innihaldsríku lífi og vinnur gegn einmannaleika, vanmáttarkennd og leiða.